



Fjölbrautaskóli Suðurlands

# Inniklæðningar

## INNK2HH05

### Námáætlun – vor 2022

**Kennari/ar:** Óskar G. Jónsson

**Skammstöfun:** ÓGJ

#### Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um létt byggingavirki innanhúss með áherslu á útfærslur og klæðningu veggja, lofta og gólfa. Gerð er grein fyrir uppsetningu einstakra grindar- og klæðningakerfa, efnisnotkun, festingum, einangrun, áhöldum, tækjum og vinnuaðferðum. Nemendur læra um smíði léttra innveggja úr blikkstoðum, klæðningu þeirra með gifsplötum, uppsetningu niðr hengdra kerfislofta og lagningu mismunandi parkets m.m. Sérstök áhersla er lögð á útfærslur og frágang á léttum byggingavirkjum í votrymi. Í áfanganum er fjallað um einangrun, útveggja og lofta sem og frágang á rakavörn, einnig er fjallað um eldvaranveggi og hljóðeinangrun húsa. Við förum einnig yfir frágang á timburútveggjum að utanverðu, hvernig við göngum frá vindvörn og möguleikum á mismunandi aðferðum við vindvörn og hvað við þurfum að varast. Kennslan er að mestu bókleg og hugsanlega verður farið í heimsóknir í fyrirtæki, stefnum að því.

#### Markmið er að nemendur:

- Viti hvernig á að einangra útveggi og loft timburmannvirkja
- Viti hvernig á að ganga frá rakavörn léttbyggðra húsa
- Viti hvernig á að ganga frá lagnagrind útveggja og lofta
- Viti og hafi skoðanir á því hvernig á að klæða loft út frá mismunandi klæðningarefnum
- Viti hvernig á að byggja upp timburveggi, einangra og klæða
- Viti hvernig á að byggja upp léttu veggja úr blikkstoðum, einangra og klæða
- Viti hvernig á að byggja upp léttu veggja í votrymum
- Þekki til mismunandi kefisveggja og kerfislofta, smíði og uppsetningu
- Þekki efni, festingar, áhöld og tæki til smíði og uppsetningu veggja og lofta
- Þekki til gifs og annarra klæðningarefna
- Þekki reglur og leiðbeiningar um styrkleika, eldvarnir, hita- og rakaeinangrun
- Þekki helstu gerðir af gegnheilu og fljótandi parketi og eiginleika þeirra
- Þekki efni, áhöld og vinnuaðferðir við lagningu, slípun og yfirborðsmeðferð á nýju og eldra parketi
- Þekki öryggisreglur og öryggisbúnað

### Námsefni:

Inniklæðningar og einangrun, kennslubækur sem stuðst er við. Verkefni frá kennara, ljósrit, leiðbeiningar framleiðanda, efni af neti o.fl. Legg til að nemendur eignist bókina „Gifsplötur uppsetning veggja“.

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Verkefni unnin í kennslutímum eða eftir því sem mælt er fyrir um vinnu og skil verkefna.

Vika	Dagsetning	Námsefni – viðfangsefni	Próf- verkefni
1 – 4	6. til 28 janúar	Upphaf kynning. Lagt af stað með efni tengt inniklæðningum.	Sjá námsmat hér fyrir neðan.
5 – 8	31. janúar til 25. feb.	Gifsklæðningar - blikkstoðir og fylgihlutir	
9 - 13	28. feb. Til 31. mars	Einangrun	
14 - 17	4. apríl til 29 apríl	Gólfefni	
18 -	02. maí til 6. maí		

### Námsmat:

Krafa er gerð um góða mætingu, samvinnu og virka þátttöku í umræðum í áfanganum. Leið og nemandi fer að tjá sig og taka þátt í umræðum um námið og það sem verið er að kenna hverju sinni eru líkur á að nemandinn skilji það sem við erum að fjalla um hverju sinni og bæti þannig stöðugt á þekkingu sína á námsefninu.

Almennt skal skila verkefnum í Innu. Teikningar og efnislistar geta í sumum tilfellum verið skilað beint til kennara.

Almennt gilda skólareglur Fsu um námið eins og varaðndi mætingar og notkun á sínum í tímum.

**Fyrirkomulag námsmats:**

<b>Pátttaka í tímum, rökræða 15 %</b>		<b>Allt tímabilið</b>
<b>Verkefni 1</b>	<b>10%</b>	<b>verkefni koma stöðugt inn</b>
<b>Verkefni 2</b>	<b>15%</b>	<b>tengjast því sem við erum</b>
<b>Verkefni 3</b>	<b>15 %</b>	<b>að fara yfir hverju sinni</b>
<b>Verkefni 4</b>	<b>15 %</b>	<b>Stundum teikningar</b>
<b>Verkefni 5</b>	<b>15 %</b>	<b>Stundum tillaga að útfærslu</b>
<b>Verkefni 6</b>	<b>15 %</b>	<b>rökræða út í gegn</b>

**Námsáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.**